



Alþýðusamband Íslands

Drög að ályktun frá miðstjórn fyrir 44. þing ASÍ:

Ályktun um innra starf ASÍ

44. þing ASÍ er haldið við óvenjulegar aðstæður vegna heimsfaraldurs af völdum kórónuveirunnar og stefnumótun frestað til vorsins. Ábyrgð miðstjórnar ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar allrar er sérstaklega mikilvæg á slíkum tímum.

Þing ASÍ beinir því til nýrrar miðstjórnar að tryggja að ASÍ rísi undir þessari ábyrgð í hvívetna. Því er sérstaklega beint til miðstjórnar að vinna að eftirfarandi verkefnum og málefnum:

- Að setja á laggirnar nefnd með þátttöku landsambandanna og stærstu aðildarfélaga og í ríku samráði við aðildarfélögin, sem verður falið að móta tillögur ASÍ í tengslum við boðaða vinnu stjórnvalda um Grænbók í lífeyrismálum.
- Að standa fyrir samráði meðal aðildarsamtaka ASÍ um áherslur ASÍ vegna vinnu við Grænbók um umhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála.
- Að hefja vinnu við endurskoðun á skipulagi ASÍ og leggja drög að áætlun um þá vinnu fyrir framhaldsþingið sem haldið verður 11. og 12. maí 2021. M.a. verði horft til laga ASÍ, hlutverks fastanefnda, þjónustu við aðildarsamtökin, slagkrafts í kjarasamningum, fjármögnunar ASÍ og fjölbreytni og styrks hreyfingarinnar.
- Að móta tillögur um fjölmiðlastarfsemi sem miðar að því að styrkja málstað verkalýðshreyfingarinnar.
- Að útfæra leiðir til að efla vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna. Vinnustaðaeftirlitið er alltaf mikilvægt og ekki síst á krepputímum..
- Að fylgja eftir loforðum sem gefin voru í tengslum við Lífskjarasamninginn og hvika í engu frá kröfum ASÍ um nauðsynlegar lagabreytingar til að koma í veg fyrir launaþjófnað og félagsleg undirboð.
- Að halda áfram að tryggja öflugna þjónustu við aðildarfélögin og efla enn frekar þekkingu ASÍ á málefnum vinnumarkaðar, efnahagsmálum og velferðarmálum.